

LÖG ÞRÍÞRAUTARSAMBANDS ÍSLANDS

Þingskjal 2023-1

1. gr.

Um Þríþrautarsamband Íslands

Þríþrautarsamband Íslands, skammstafað ÞRÍ, er æðsti aðili um allt varðandi þríþrautar- og tvíþrautaríþróttina innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, skammstafað ÍSÍ. Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

ÞRÍ er samband þríþrautarfélaga innan héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem mynda ÍSÍ og iðka þríþraut samkvæmt reglum „World Triathlon“. Skilyrt er að lög félaganna samrýmist lögum ÞRÍ og ÍSÍ.

2. gr.

Tilgangur

Tilgangur ÞRÍ felst í inntaki 1. greinar þessara laga og beinist því að eftirfarandi aðalatriðum:

- Að vinna að framgangi þríþrautar og tvíþrautaríþróttarinnar og útbreiðslu hennar á Íslandi.
- Að setja íþróttinni viðeigandi reglur sbr. 2. gr.
- Að samræma og stuðla að þríþrautarkeppnum um land allt.
- Að annast erlend samskipti.

3. gr.

Stjórnskipulag

Málefnum ÞRÍ stjórna:

- þríþrautarþing
- stjórn ÞRÍ

Stjórn ÞRÍ getur falið nefndum undirbúning og úrlausn ákveðinna verkefna eftir atvikum hverju sinni.

4. gr.

Þríþrautarþing

Þríþrautarþing fer með æðsta vald í málefnum ÞRÍ og skal haldið árlega á tímabilinu 15. febrúar til 15. apríl. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra þríþrautarfélaga sem mynda sambandið við boðun þingsins. Hvert félag hefur tvo fulltrúa á þinginu. Til þingsins er boðað með rafrænum hætti með minnst mánaðar fyrirvara. Stjórn ÞRÍ skal kynna félögum ÞRÍ dagskrá þingsins og önnur málefni sem hún hyggst leggja fyrir það, 14 dögum fyrir þing. Málefni, sem þríþrautarfélög óska að tekin verði til umræðu á þinginu, skulu þau kynna stjórn ÞRÍ með a.m.k. 20 daga fyrirvara. Þingið getur þó tekið fyrir

mál borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa. Þríprautarþingið er löglegt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

Á þríprautarþingi skal kjósa þriggja manna kjörnefnd, sem starfar til loka næsta þings og hefur það hlutverk að annast framkvæmd framboða. Framboð til stjórnar þríprautarsambandsins og annarra embætta skulu berast sambandinu á skrifstofu þess eða með rafrænum hætti eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing. Hafi ekki nægjanlegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt þeim félögum sem mynda sambandið. Hafi þrátt fyrir það eigi borist næg framboð skal kjörnefnd hlutast til um að afla nauðsynlegs fjölda framboða. Berist fleiri framboð en laus embætti að framboðsfresti liðnum skal kjörnefnd kynna frambjóðendur á vef sambandsins. Kjörgengir eru þeir einstaklingar sem eru lögmatir meðlimir í aðildarfélagi innan ÞRÍ.

Allar kosningar eru framkvæmdar með leynilegum hætti nema þingforseti ákveði annað með samþykki einfalds meirihluta þingfulltrúa. Hlýtur sá kosningu, sem flest atkvæði fær. Falli atkvæði jafnt í stjórnarkjöri skal kosning endurtekin. Ef atkvæði eru ennþá jöfn skal kjósa á ný. Falli atkvæði enn jafnt, skal hlutkesti ráða og skal þingforseti annast hlutkestið.

Málefni hljóta kosningu með meirihluta atkvæða nema kosningar um lagabreytingar sem þurfa að hljóta 2/3 hluta atkvæða viðstaddra fulltrúa.

5. gr.

Kjörgengi og atkvæðaréttur á þríprautarþingi

Allir þingfulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi þríprautarfélagi. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði, en getur auk þess farið með eitt annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði viðkomandi þríprautarfélags. Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða og kosningar skulu vera leynilegar nema þingforseti ákveði annað með samþykki einfalds meirihluta þingfulltrúa. Auk þingfulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

-stjórn og varastjórn ÞRÍ

-skoðunarmenn reikninga ÞRÍ

-fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga sem hafa þríprautarfélög innan sinna vébanda.

Þess utan getur stjórn ÞRÍ boðið aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Kjörgengi skal miðast við lögræðisaldur.

6. gr.

Aukaping

Aukaping má halda er nauðsyn krefur að mati stjórnar eða helmingur þríprautarfélaga sem mynda ÞRÍ óska þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða hefur forfallast á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti

kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu lagaákvæði og um reglulegt þríþrautarþing.

7. gr.

Dagskrá þríþrautarþings

Dagskrá þríþrautarþings skal vera:

1. Þingsetning.
2. Kynning nýrra þríþrautarfélaga og deilda
3. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en 7. dagskrárliður hefst.
4. Kosning þingforseta.
5. Kosning þingritara.
6. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
7. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga ÞRÍ.
8. Umræður um skýrslu stjórnar auk umræðu og atkvæðagreiðslu um reikninga sambandsins.
9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld.
10. Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.
11. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.
12. Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál.
13. Önnur mál.
14. Kjörnefnd kynnir frambjóðendur til embætta.
15. Kosning forseta.
16. Kosning stjórnar sbr. 9. gr.
17. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
18. Kosning formanna í nefndir,
19. Kosning kjörnefndar til eins árs.
20. Kosning fulltrúa og varafulltrúa ÞRÍ á Íþróttþing ÍSí árið sem Íþróttþing fer fram, skv. lögum ÍSí.
21. Þingslit.

8. gr.

Stjórn sambandsins

Stjórn ÞRÍ skal skipuð fimm mönnum, forseta og fjórum stjórnarmönnum. Kjósa skal bundinni kosningu, fyrst forseta til tveggja ára í senn, annað hvert ár. Einnig tvo aðra stjórnarmenn til tveggja ára. Kjósa skal þrjá menn í varastjórn til eins árs. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Hætti stjórnarmaður störfum eða falli hann frá skal kosinn stjórnarmaður í hans stað á næsta þríþrautarþingi og skal kjörtímabil hans vera það sama og þess sem hann kemur í stað.

Stjórn skiptir með sér verkum og kýs á fyrsta fundi varaforseti, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda.

9. gr.

Hlutverk og verkefni stjórnar

Hlutverk stjórnar eru:

- a. að hafa á hendi þær framkvæmdir, sem undir sambandið heyra, að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum þríþrautarreglum, lögum sambandsins og ályktunum þríþrautarþings og samþykktum formannafundar,
- b. að vinna að eflingu þríþrautar á landinu
- c. Að annast erlend samskipti
- d. að setja nauðsynlegar reglur- og reglugerðir um þríþrautaríþróttina,
- e. að ákveða stund og stað fyrir þríþrautarþing,
- f. að tilnefna fulltrúa og varafulltrúa á ársþing ÍSÍ,
- g. að stuðla að og líta eftir opnum mótum,
- h. að skipa í starfsnefndir strax að loknu þríþrautarþingi og setja nefndunum erindisbréf,
- i. Að úthluta þeim styrkjum til þríþrautar sem ÞRÍ fær til umráða,
- j. að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og heiðurstitla ÞRÍ,
- k. að staðfesta réttindi dómara,
- l. að fjalla um og afgreiða erindi, ábendingar og tillögur fastanefnda og annarra nefnda og hópa á vegum ÞRÍ.

10. gr.

Valdheimildir stjórnar

Stjórn ÞRÍ setur nauðsynlegar reglur og reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglum og reglugerðum sem og setningu nýrra reglna og reglugerða. Nýjar reglur og reglugerðir og breytingar á þeim skulu kynntar þríþrautarfélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar ÞRÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu ÞRÍ. Óski þríþrautarfélag eftir setningu nýrra reglna eða reglugerða eða breytinga á gildandi reglum eða reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar ÞRÍ. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir til að sinna einstökum verkefnum eftir því sem hún telur nauðsynlegt hverju sinni. Starfstímabil nefnda skal aldrei vera nema fram að næsta þríþrautarþingi, nema annað sé tekið fram í lögum þessum.

11. gr.

Starfskipulag stjórnar

Forseti ÞRÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim. Formaður getur falið varaformanni fundarboðun. Fundi stjórnar skal boða með minnst fjögurra daga fyrirvara og dagskrá liggja fyrir sólarhring fyrir fund. Heimilt er að taka mál fyrir á fundi þó það hafi ekki verið kynnt í dagskrá, enda sé meirihluti stjórnarmanna sammála því. Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um séu gildar, þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundi. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. þrjú kjörnir stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn. Fundi í stjórninni skal halda reglulega, samkvæmt ákvörðun formanns. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundi með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Auk þess skal kalla saman stjórnarfundi, eins fljótt og auðið er, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Stjórn ÞRÍ

getur sett sér nánari starfsreglur fyrir stjórnarfundum um ákvarðanatöku, boðun og stjórnun funda. Fundargerðir og ákvarðanir stjórnar skal birta á heimasíðu ÞRÍ innan viku frá því fundargerðin er samþykkt af stjórn.

12. gr.

Nefndir ÞRÍ

Eftirtaldar fastanefndir skulu að minnsta kosti starfa innan ÞRÍ: Dómaranefnd, fræðslu- og útbreiðslunefnd, afreksnefnd, mótanefnd og siðanefnd.

Formenn fastanefnda ÞRÍ skulu kosnir á þríþrautarþingi til tveggja ára í senn. Stjórn ÞRÍ skipar einn til fjóra nefndarmenn til viðbótar í samráði við formenn hlutaðeigandi nefnda. Formenn nefnda boða fundum og stýra þeim. Nefndir ÞRÍ eru stjórn ÞRÍ til ráðgjafar. Þær hafa ekki sérstakan fjárhag eða ákvörðunarvald eða geta skuldbundið sambandið fjárhagslega. Heimilt er þó að fela þeim ákveðna ábyrgð, sbr. 4. gr. og skal skilgreint í starfsreglum nefndanna hvernig skuli staðið að ákvarðanatöku. Nefndir skulu senda fundargerðir sínar til staðfestingar á næsta fundi stjórnar ÞRÍ. Birta skal fundargerðir nefnda á heimasíðu ÞRÍ innan viku frá staðfestingu stjórnar. Stjórninni er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni. Starfstímabil fastanefnda og annara nefnda skal aldrei vera nema fram að næsta þríþrautarþingi.

Mótanefnd vinnur með langtímaskipulag þríþrautarmóta og útgáfu mótaskrár.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd hefur umsjón með stefnumótun í fræðslumálum og námskeiðahaldi innan íþróttahreyfingarinnar. Nefndin er stjórn ÞRÍ til ráðgjafar varðandi útbreiðslumál í samvinnu við aðrar nefndir ÞRÍ og starfsmenn sambandsins. Nefndin vinnur að eflingu þríþrautar fyrir börn og ungmenni og er ráðgefandi um verkefni, æfingar og keppni, sem henta hverju þroskastigi. Nefndin annast upplýsingamiðlun og almannatengsl.

Dómaranefnd hefur umsjón með dómaramálum og öllum reglum þeim tengdum, efri stigum dómarafraeðslu og útgáfu á mótareglum í þríþraut.

Afreksnefnd hefur leiðbeinandi hlutverk gagnvart afreksstefnu og skipuleggur og annast störf í samræmi við afreksstefnu og aðgerðaáætlun á sviði afreksmála.

Siðanefnd er stjórn ÞRÍ, félagsmönnum og sambandsaðilum til ráðgjafar og leiðbeiningar um siðamál. Hún tekur við og fjallar um erindi sem nefndinni berast um brot félagsmanna á siðareglum og beitir fjölbreyttum leiðum við að leysa úr ágreiningi og hefur heimild til að úrskurða um réttmæti erindis með hliðsjón af lögum og siðareglum félagsins. Auk þess sinnir hún eftirfylgni með úrskurðum.

13. gr.

Stjórn ÞRÍ getur falið stjórnnum þríþrautarfélaga og félögum innan ÞRÍ að vera fulltrúar sambandsins í viðkomandi heimabyggð. Stjórn ÞRÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk.

14. gr.

Aðildarfélög greiða félagagjald til ÞRÍ. Félagagjöld eru ákveðin af þríþrautarþingi fyrir næsta ár. Stjórn ÞRÍ er heimilt að meina þeim aðildarfélögum sem skulda félagagjald þátttöku í mótum á vegum ÞRÍ og

jafnframt að meina meðlimum viðkomandi aðildarfélags sem skuldar félagagjöld þátttöku í opnum mótum. Tilkynna skal slíka ákvörðun viðkomandi þríþrautarfélagi með a.m.k. viku fyrirvara.

15. gr.

Félagatal aðildarfélaga er miðað við 1. janúar skv. skráningu í skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

16. gr.

Reikningsár ÞRÍ er almanaksárið. Reikningar sambandsins skulu liggja fyrir undirritaðir á skrifstofu sambandsins viku fyrir þríþrautarþing.

17. gr.

Þríþrautarfélögin halda Íslandsmeistaramót í umboði ÞRÍ. ÞRÍ ákveður dagsetningar Íslandsmeistaramóta og geta þríþrautarfélögin sótt um að halda slík mót eftir nánari tilmælum frá ÞRÍ.

18. gr.

Hlutgengur til þátttöku í mótum á vegum ÞRÍ er hver sá aðili sem félagsbundinn er í félagi innan ÞRÍ og uppfyllir að öðru leyti móta- og keppendareglur ÍSÍ á hverjum tíma.

19. gr.

Öll félagaskipti skulu fara fram samkvæmt reglugerð sem stjórn ÞRÍ setur þar að lútandi.

20. gr.

Meðferð deilumála

Um öll ágreiningsmál, önnur en þau sem falla undir siðanefnd, fer samkvæmt kafla 4 í lögum ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ, eftir því sem við á. Dómstólar ÍSÍ fara með mál sem upp kunna að koma innan ÞRÍ. Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með skv. gildandi lögum og reglugerðum ÍSÍ um lyfjaeftirlit. Lyfjaeftirlit er í höndum Lyfjanefndar ÍSÍ.

21. gr.

Mótadagskrá skal unnin og birt eftir nánari fyrirmælum í reglugerð sem stjórn ÞRÍ setur þar að lútandi.

22. gr.

Vanhæfi

Einstaklingi í trúnaðar- og ábyrgðastöðum innan sambandsins ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

23. gr.

Þríprautarsamband Íslands verður ekki lagt niður nema 4/5 þeirra fulltrúa sem sæti eiga á þríprautarþingi samkvæmt þessum lögum samþykki það á tveimur þingum í röð og ekki líði meira en eitt ár á milli þinga. Með slíkri samþykkt á síðara þinginu er störfum þess þings lokið, en samtímis skal það ráðstafa eignum sambandsins. Þeim má aðeins verja til eflingar þríprautar í landinu.

24. gr.

Lögum þessum má breyta á reglulegu þríprautarþingi með 2/3 atkvæða enda hafi tillögur þar um borist stjórn ÞRÍ ekki síðar en 2 vikum fyrir þríprautarþing. Lögin öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

25. gr.

Þannig samþykkt með breytingum á ársþingi ÞRÍ 26. febrúar 2022 í Reykjavík. Reglugerðir ÞRÍ sem í gildi eru falla ekki úr gildi fyrr en stjórn ÞRÍ hefur samþykkt nýja reglugerð eða ákveðið að reglugerð falli úr gildi.